

## AUGLÝSING

### um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma.

Að tillögu Matvælastofnunar, skv. heimild í 12. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, eru hér með settar svofelldar reglur um skiptingu varnarlína vegna sauðfjársjúkdóma:

#### 1. gr.

##### *Aðalvarnarlínur.*

Aðalvarnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma eru:

- |                            |   |
|----------------------------|---|
| 1. Sogslína:               | Ölfusá og Sog í Þingvallavatn.  |
| 2. Bláskógalína:           | Úr Þingvallavatni um Ármannsfell í Hvalfjarðarlínu við Kvíngindisfell.  |
| 3. Brúará:                 | Brúará.   |
| 4. Hlíðarbæjarlína:        | Frá Brúará um Fullsæl og Andarlæk um Múlanes í Tungufljót og Far í Hagavatn.  |
| 5. Hvalfjarðarlína:        | Úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn að Kvíngindisfelli að Matbrunnnum við Uxahrygg í Hróðurkarla við Þórisjökul.                         |
| 6. Snæfellslína:           | Úr Skógarnesi um Ljósufjöll í Álftafjörð.   |
| 7. Hvammsfjarðarlína:      | Úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða um Laxárdalsheiði í Hrutafjörð sunnan Fjarðarhorns.  |
| 8. Gilsfjarðarlína:        | Úr Gilsfirði um Snartartungu í Bitrufjörð.  |
| 9. Kollafjarðarlína:       | Úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn.   |
| 10. Tvidægurína:           | Úr Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn stóra í Langjökul við Jökulstalla.   |
| 11. Miðfjarðarlína:        | Úr Miðfirði um Miðfjarðarvatn í Arnarvatn stóra.  |
| 12. Vatnsneslína:          | Úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við ósa Víðidalsár.   |
| 13. Kjalarlína:            | Milli Langjökuls og Hofsjökuls.   |
| 14. Blöndulína:            | Blanda.   |
| 15. Héraðsvatnalína:       | Héraðsvötn - Jökulsá eystri.  |
| 16. Eyjafjarðarlína:       | Eyjafjarðará sunnan Bringu að Sjónarfelli og að Miklafelli í Hofsjökli.   |
| 17. Sprengisandslína:      | Úr Miklafelli að Tungnafellsjökli og um Vonarskarð í Vatnajökul.  |
| 18. Skjálfandalína:        | Skjálfandafljót - Fjórðungakvísl.   |
| 19. Fjallalína:            | Jökulsá á Fjöllum.  |
| 20. Jökuldalslína:         | Jökulsá á Dal.  |
| 21. Lagarfljótslína:       | Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót.  |
| 22. Hamarsfjarðarlína:     | Hamarsá í Hamarsfirði í Þrándarjökul og þaðan í Vesturdalsjökul.  |
| 23. Breiðamerkursandslína: | Jökulsá á Breiðamerkursandi.  |
| 24. Skeiðarársandslína:    | Sandgígjukvísl.   |
| 25. Tungnaárlína:          | Frá Botnjökli í Mýrdalsjökli um Mælifellssand í Torfajökul, frá Hábarmi um Kirkjufellsvatn í Tungnaá og þaðan að Jökulgrindum í Vatnajökli. |
| 26. Markarfljótslína:      | Markarfljót og Syðri-Emstruá.   |
| 27. Þjórsárlína:           | Þjórsá.   |

#### 2. gr.

##### *Aukavarnarlínur.*

Aukavarnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma eru:

- |                     |  |
|---------------------|--|
| 1. Smjörfjallalína: | Um Smjörvatnsheiði og Smjörfjöll í Böðvarsdalsá og til sjávar. |
| 2. Hvítarlína:      | Hvítá í Árnassýslu frá Hvítárvatni að Brúará.                  |

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 155/1987 um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða. Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. ágúst 2009.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2009